

Rangárþing ytra
Haraldur Birgir Haraldsson
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella

Reykjavík, 18. júlí 2024
UST202406-167/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Jarlsstaðir frístundasvæði - Rangárþing ytra

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa í Rangárþing ytra er barst 13. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Jarlsstaðir frístundasvæði.

Í greinargerð kemur fram að um er um 35 lóðir eru að ræða fyrir frístundabyggð á u.þ.b. 50 ha svæði Jarlsstaða. Gerðar hafa verið breytingar á afmörkun núverandi frístundasvæðis F74 í aðalskipulagi. Tillagan gerir ráð fyrir rúmum lóðum sem heimilt væri að byggja sumarhús og gestahús / geymslu á hverri lóð.

Hraun

Í greinargerð kemur fram að innan skipulagssvæðisins sé hraun sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Auk þess segir að þá skal forðast röskun á hrauni eins og kostur er og er því mikilvægt að hraunmyndunum á frístundalóðum svæðisins verði hlíft ef þess er nokkur kostur.

Umhverfisstofnun bendir á að ekki er rétt vísað í ákvæði laganna og því þarf að lagfæra textann.

Hið rétta er að samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að við val á staðsetningu byggingareita sé verndargildi hraunasvæða metin og m.a. tekið tillit til jarðmyndana.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal

mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Nálæg starfssemi

Umhverfisstofnun bendir á að í um 2,5 km fjarlægð frá fyrirhugaðri frístundabyggð er kjúklingabú með heimild fyrir allt að 60.000 fuglum á hverjum tíma skv. starfsleyfi útgefnu af Umhverfisstofnun.¹ Lykt getur fylgt slíkri starfsemi og dreifingu húsdýraáburðar frá henni, en rekstraraðila er heimilt er að dreifa húsdýraáburði á samræmi við starfsleyfið og skipulagsskilmála deiliskipulags búsins. Rétt væri því að skoða hvort að lykt vegna starfseminnar gæti borist um fyrirhugað skipulagssvæði.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Rakel Sæmundsdóttir

sérfræðingur

¹ <https://ust.is/atvinnulif/mengandi-starfsemi/starfsleyfi/thauleldi/reykjagardur-jarlsstodum/>